Deiliskipulag Rauðamelsnámu



Deiliskipulagsuppdráttur 1:2.500 (A2)



Skýringaruppdráttur sýnir hvar Rauðamelsnáma er sýnileg (Ekki í kvarða).



Skýringarmynd sýnir snið á efnistökusvæði. (ekki í kvarða).

Kvarði 1:2500 — 50 0 50 100 150 200 250m



Úr Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Uppdráttur 1 - Ekki í kvarða.

Skýringar

- Mörk skipulagssvæðis
- Aðkomuvegur
- Efnislosunarsvæði
- Byggingarreitur
- Varúðarsvæði (VA)
- 2367-87 Minjar
- Raskað svæði (Til skýringar)

Samþykkt og staðfesting

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann____20___.

_____

Tillagan var auglýst frá _____20___, með athugasemdafresti til_____20___.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann_____20___.

Greinargerð

Markmið deiliskipulags er að uppfylla efnisþörf fyrir framkvæmdir í sveitarfélaginu. Til stendur að stækka Straumsvíkurhöfn og kallar stækkun hafnar á töluvert efnismagn. Gerð var valkostagreining á sex námukostum og niðurstaða hennar var að með tilliti til samsetningar efnis, fjarlægðar frá landfyllingu og hvort efni er tiltækt var Rauðamelsnáma besti kosturinn. Deiliskipulagssvæði er 15,6 ha að stærð.

Deiliskipulag er unnið í samræmi við 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samræmi við skipulag

Samhliða skipulagsvinnu er gerð breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar þar sem Rauðamelsnáma er afmörkuð á aðalskipulag sem efnistökusvæði E4. Rauðamelsnáma er þegar opin náma þrátt fyrir að hafa ekki verið afmörkuð á aðalskipulagi. Skv. aðalskipulagi er heimilt að nýta allt að 180.000 m^3 af efni.

Samkvæmt aðalskipulagi er efnistökusvæðið að hluta til innan varúðarsvæðis (VA1). Á VA1 eru takmarkanir fyrir búsetu og tímabundna gistingu, en ákvæði fyrir VA1 hafa ekki takmarkandi áhrif á efnistöku.

Staðhættir

Efnistökusvæðið er um 600 m sunnan við Reykjanesbraut og er í nokkurri fjarlægð frá annarri byggð. Svæðið hefur verið nýtt sem náma og er þannig mikið raskað svæði. Aðkoma er um Barðöruveg sem skv. aðalskipulagi verður göngu- og hjólastígur.

Fyrirkomulag efnistöku

Efnistökusvæðið er 15,6 ha að stærð. Svæðið er fyrir efnistöku fyrir allt að 180.000 m^3 af efni og fyrir starfsemi henni tengdri. Byggingarreitur er 1,9 ha að stærð og er heimilt byggingarmagn á reit allt að 500 m^2. Heimild er fyrir starfsmannahúsum og öðrum mannvirkjum sem tengjast starfsemi á svæðinu.

Heimilt er að nýta svæðið fyrir efnistöku, haugsetningu, lager og tip. Heimilt er að vinna efni á svæðinu.

Aðkoma

Aðkoma að svæðinu úr vestri og austri er um Barðöruveg. Vegurinn er í dag til staðar en framtíðar áform eru um að vegurinn verði að göngu- og hjólastíg. Til vesturs liggur vegurinn að Reykjanesbraut. Til austurs liggur vegur að iðnaðarsvæðum sunnan Reykjanesbrautar en tengist einnig inn á Reykjanesbraut.

Áfangaskipting og vinnslutími

Ekki er sýnd áfangaskipting á deiliskipulagsuppdrætti. Samhliða deiliskipulagsvinnu er unnið að rannsóknum á svæðinu. Niðurstaða rannsókna mun ákvarða hvaða hluti svæðisins verður unninn fyrst. Til stendur að nýta efni úr námunni um leið og deiliskipulag hefur hlotið staðfestingu.

Leyfismál

Efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins, skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar-, vikur- og grjótnám er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, sbr. tl. 8.5 í viðauka X í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Efnistakan er tilkynningaskyld framkvæmd skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, tl. 2.02 í 1. viðauka.

Frágangur

Þegar efnistöku er lokið ber að ganga frá svæðinu þannig að það falli vel að umhverfi sínu. Æskilegt er að svæðið líkist sem mest landformum í nágrenni þess. Það fer eftir framtíðarnýtingu svæðis hvernig frágangi skal háttað. Ef svæðið verður ekki nýtt í nýjum tilgangi skal gengið frá svæðinu þannig að það nýtist sem útivistarsvæði. Í leiðbeiningaritinu Námur – Efnistaka og frágangur má finna dæmi um góðan frágang á efnistökusvæðum.

Umhverfismatsskýrsla

Landslag og ásýnd: Á sýnileikakorti má sjá að náman er nokkuð sýnileg úr suðri og suðaustri. Hún er sýnileg frá hluta Reykjanesbrautar. Þá er svæðið mjög sýnilegt frá fyrirhyugaðri göngu- og hjólaleið sem á skv. aðalskipulagi að liggja um svæðið. Náman mun hafa einhver neikvæð áhrif á ásýnd en draga má úr neikvæðum áhrifum með vönduðum frágangi að vinnslu lokinni.

Samfélag: Deiliskipulagið er mikilvægur liður í stærri framkvæmd sem snýr að uppbyggingu og bættri aðstöðu fyrir atvinnulíf í Straumsvíkurhöfn og hefur þannig jákvæð áhrif á atvinnulíf. Hins vegar hefur framkvæmdin neikvæð áhrif á þau sem nýta sér svæðið til útivistar.

Hljóðvist: Starfseminni mun fylgja nokkur hljóðmengun. Bæði vegna efnistöku, efnisvinnslu og aksturs efnis til og frá svæðinu. Hins vegar er svæðið er í mikilli fjarlægð frá byggð og því ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif.

Verndarsvæði: Svæðið er utan svæða sem hafa skilgreininguna „sérstök náttúruvernd“ eða eru á náttúruminjaskrá. E4 er utan vatnsverndarsvæða.

Jarðfræði og jarðmyndanir: Rauðamelsnáma stendur á Hrútagjárdyngjuhrauni, sem er eldhraun og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Rauðimelur er líklega gervigígur úr gjalli. Gervigígar njóta verndar skv. sömu lögum. Áhrifin eru staðbundið og óafturkræfar og eru talin neikvæð þar sem um er að ræða eldhraun og gervigíg sem njóta sérstakrar verndar.

Gróðurfar og fuglalíf: Á svæðinu er eyðihraunavist, mosahraunavist og lynghraunavist og mun efnistaka hafa neikvæð áhrif á gróður. Engin mikilvæg fuglasvæði eru við Rauðamelsnámu.

Fornleifar: Engar fornleifar eru innan námusvæðisins. Í nágrenni svæðisins eru sex fornleifar sem eru merktar á skipulagsuppdrátt. Fjallað er um fornleifar í skráningu Byggðarsafns Hafnarfjarðar, sem eru eftirfarandi:

8 -15 metrum sunnan við svæði er fornleif (2367-87) sem er vörslugarður, en hlutverk hans er óþekkt. Hann er ekki er friðlýstur.

Um 5 m sunnan við svæðið ef fornleif (2367-30) sem er hleðsla sem var fjárskýli. Hún er ekki friðlýst.

Meira en 40 m sunnan við svæðið er fornleif (2367-86) sem er brunnur. Hún er ekki friðlýst.

Rúmum 50 m austan við skipulagssvæði er fornleif (2367-29) sem er heilleg varða. Hún er ekki friðlýst.

Norðan við skipulagssvæðið, og norðan við veg, eru fornleifar (2367-56) sem er hleðsla sem ekki er friðlýst.

Bláa afmörkunin sem liggur sunnan við skipulagssvæðið er svokölluð Alfaraleið (2367-35), sem er elsta kunna samgöngueiðin milli Suðurnesja og Innesja Reykjanesskagans. Leiðin er ekki friðlýst.[1]

Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós ber að stöðva starfsemi, varast frekara rask og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

[1] Hafnarfjörður (2020). Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar.

S:\2022\22153\6_BSS\Teikningar\DSK RAUDAMELSNÁMA\22153_DSK_T_01.dwg



Kortagrunnar:
Aðalskipulagsgrunnur: Hafnarfjarðarbær.
Loftmyndagrunnur og hæðarlíkan: Strendingur. Minjar: Byggðasafni Hafnarfjarðar. Skipulagsgögn: Engin fylgigögn.
Hnitakerfi: [ISN93]. Kvarði: 1:2500 (A2)

Útg.	Dags.	Tilefni	Skipulag
BrA	11.04.2023	Breytt í samræmi við jarðvegsrannsóknir og minjaskráningu.	AK

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 22321_DSK_T_01 Dagsetning: 01.03.2023

Skipulag: SP/AK/SBJ Yfirfarið: SGT

Hafnarfjörður